

REGLUGERÐ

um sprengiefni.

I. KAFLI

Skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Skilgreiningar.

Sprengiefni: Fast eða fljótandi efni eða efnablanda, sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, svo sem hvellhettur og kveikiþræðir.

Markaðssetning: Fyrsta afhending sprengiefnis gegn greiðslu eða án endurgjalds, í því skyni að dreifa því og/eða nota það hér á landi eða í öðru ríki sem aðild á að Evrópska efnahagssvæðinu.

Rekstaraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem hefur leyfi eða heimild til að framleiða, geyma, nota eða færa til sprengiefni eða stunda viðskipti með sprengiefni.

Tilflutningur: Öll tilfærsla á sprengiefni innan yfirráðasvæðis þeirra ríkja sem aðild eiga að Evrópska efnahagssvæðinu, að undanskildum tilflutningi innan sömu lóðar.

Sprengiefnageymsla: Lokað rými til geymslu á sprengiefni.

Sprengistjóri: Sá er fengið hefur réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu.

Tilskipun 93/15/EBE: Tilskipun ráðsins nr. 93/15/EBE frá 5. apríl 1993 um samhfæingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um framleiðslu, geymslu og flutning sprengiefnis, þ. á m. lestun og losun, svo og um kaup, notkun, förgun, verslun og inn- og útflutning sprengiefnis. Reglugerðin gildir einnig um tæki og efni sem notuð eru við hverskyns meðferð sprengiefnis.

Undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar eru:

- sprengiefni í eigu landhelgisgæslu og lögreglu,
- flugeldar og
- flutningur sprengiefnis í skipum og flugvélum.

Geymsla og notkun sprengiefnis um borð í skipum fellur undir ákvæði reglugerðarinnar, svo og notkun sprengiefnis við köfun frá skipum og landi.

Ríkislögreglustjórinn úrskurðar ef vafi leikur á hvort sprengiefni eða tæki og búnaður falli undir gildissvið reglugerðarinnar.

II. KAFLI

Markaðssetning.

3. gr.

Gerðarviðurkenning.

Óheimilt er að markaðssetja eða hafa undir höndum sprengiefni sem ekki hafa hlotið gerðarviðurkenningu og bera CE-samræmismerki samkvæmt 4. gr. Viðurkennd sprengiefni skulu standast grunnkröfur þær sem tilgreindar eru í viðauka I.

Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir sprengiefni hér á landi. Umsókn um viðurkenningu skulu fylgja nauðsynleg gögn frá framleiðanda og viðurkenndum prófunarstofnunum um eiginleika efnanna. Við viðurkenningu skal farið eftir þeirri aðferð sem tilgreind er í viðauka II við tilskipun ráðsins nr. 93/15/EBE.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má viðurkenna sprengiefni til tiltekinna takmarkaðra nota hér á landi samkvæmt ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins.

Sprengiefni sem hlotið hafa viðurkenningu í öðru ríki til notkunar á Evrópska efnahagssvæðinu eru sjálfkrafa viðurkennd til notkunar hér á landi. Sprengiefni sem framleidd eru eftir samræmdum evrópskum staðli skulu enn fremur hljóta viðurkenningu, enda teljist slíkir staðlar standast grunnkröfur viðauka I.

Hráefni, sem ekki eru ein sér flokkuð sem sprengiefni, en ætluð eru til framleiðslu sprengiefnis á vegum þeirra sem annast sprengingar, eru viðurkenningarskyld á sama hátt og sprengiefni, t.d. ammóníumnítrat.

4. gr.

CE-samræmismerkið og hættuflokkun.

Viðurkennd sprengiefni skulu bera CE-samræmismerkið, sbr. viðauka II. CE-merkingin skal, á sýnilegan, auðlæsilegan og óafmáanlegan hátt, fest á sprengiefnin sjálf eða, verði ekki hjá því komist, á merkiplötu sem fest er við þau. Verði merkingin ekki fest með framangreindum hætti er heimilt að festa hana á umbúðirnar. Merkiplatan skal vera þannig gerð að hún verði ekki notuð á ný.

Sprengiefni skal flokkað í hættuflokka og aðskilnaðarflokka í samræmi við leiðbeiningar sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um flutning hættulegra efna.

5. gr.

Afturköllun gerðarviðurkenningar.

Vinnueftirlit ríkisins getur afturkallað viðurkenningu sprengiefnis ef í ljós kemur að upplýsingar sem lagðar voru til grundvallar viðurkenningunni hafa ekki verið fullnægjandi eða meiri hætta fylgir notkun efnisins en fyrirsjáanlegt var.

III. KAFLI

Umbúðir og merking.

6. gr.

Umbúðir.

Umbúðir um sprengiefni skulu hafa nægan styrk til að þola hnjask sem varan kann að verða fyrir við eðlilega meðferð, flutning og geymslu.

Umbúðir skulu þannig gerðar og vera úr þannig efnum að ekki sé hætta á að snerting innihaldsins við yfirborð umbúðanna að innanverðu leiði til hættu á sprengingu eða bruna. Umbúðir skulu enn fremur þannig gerðar að ekki sé hætta á að innihaldið hreyfist við flutning og meðferð svo að hætta stafi af.

7. gr.

Merking umbúða.

Varnaðarmerki og varnaðarorð á íslensku skulu vera hlið við hlið á ystu umbúðum, greinilega aðskilin frá annarri merkingu.

Ystu umbúðir skulu greinilega merktar með tækniheiti efnisins, eða vöruheiti ef um þekkt vörunúmeri er að ræða. Enn fremur skal varan merkt með skráningarnúmeri (SP-númeri) því sem sérfræðinefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um flutning á hættulegum efnum, hefur ákveðið.

Á ystu umbúðum skal vera ferhyrnt varúðarmerki a.m.k. 10 sm á hverja hlið, rauðgult að lit með svörtu lettri, sbr. viðauka III. Á varúðarmerki skal tiltaka hættuflokk og aðskilnaðarflokk efnisins auk upplýsinga um flutningstakmarkanir ef við á.

Á ystu umbúðum skal tilgreind eigin þyngd vörunnar, heildarþyngd að umbúðum meðtöldum og framleiðsludagur.

Merkingar, sem fjallað er um í 1.-4. mgr., skulu einnig vera á innri umbúðum ef slíkt er nauðsynlegt til að tryggja örugga meðferð efnisins.

8. gr.

Öryggisleiðbeiningar.

Þegar sprengiefni er afhent skulu fylgja því öryggisleiðbeiningar á íslensku í samræmi við ákvæði reglna um öryggisleiðbeiningar við afhendingu hættulegra efna.

IV. KAFLI

Framleiðsla, innflutningur og verslun.

9. gr.

Framleiðsla.

Með framleiðslu er átt við hverskyns aðgerðir sem leiða til myndunar sprengiefnis, svo og þökkun efnisins og annan frágang. Blöndun ammóníumnítrats og olíu telst framleiðsla sprengiefnis.

Framleiðsla sprengiefnis er óheimil nema með leyfi ríkislögreglustjórans, sbr. þó 3. mgr. Framleiðslustaður skal auk þess háður samþykki Brunamálastofnunar ríkisins og búnaður og framleiðsluaðferðir skulu háðar samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt einstaklingum, sem öðlast hafa leyfi til að fara með sprengiefni, heimild til að framleiða sprengifima blöndu ammóníumnítrats og olíu á sprengistað, enda geri þeir nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Óheimilt er að flytja slíkt sprengiefni til annarra staða nema með sérstöku leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

Blöndun ammóníumnítrats skal fara fram í a.m.k. 60 m fjarlægð frá sprengiefna-geymslu. Vinnueftirlit ríkisins getur þó heimilað minni fjarlægð í einstökum tilvikum ef aðstæður krefjast þess.

10. gr.

Innflutningur, sala og heildsala.

Innflutningur, sala og heildsala sprengiefnis er óheimill nema með leyfi ríkislögreglustjórans. Slíkt leyfi má aðeins veita þeim sem fullnægir ákvæðum a. og b. liða 30. gr. um kunnáttu í meðferð sprengiefna og hefur yfir að ráða fullnægjandi geymslu fyrir sprengiefni samkvæmt VI. kafla, enda uppfylli hann ákvæði annarra laga og reglna sem varða reksturinn. Leyfin skulu gilda til allt að 5 ára í senn.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. skal jafnframt gilda sem tilflutningsleyfi samkvæmt 9. gr. tilskipunar 93/15/EBE. Skal leyfið þá staðfest á þar til gerðum eyðublöðum sem innflytjandi skal senda lögbærum yfirvöldum í þeim löndum Evrópska efnahagssvæðisins sem efnið fer um.

Þeir sem hyggjast flytja til Íslands sprengiefni til eigin nota og hafa ekki leyfi samkvæmt 1. mgr. skulu afla til þess sérstaks tilflutningsleyfis, enda uppfylli þeir ákvæði a-, b- og c-liða 30. gr. Vinnueftirlit ríkisins gefur út tilflutningsleyfi og tilkynnir lögreglustjórum þeirra umdæma sem efnið fer um. Þeir sem hyggjast flytja sprengiefni frá Íslandi til áfangastaðar í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu á sama hátt afla sér tilflutningsleyfis hjá þarlandu lögbæru yfirvaldi.

Heildsalar skulu ársfjórðungslega senda Vinnueftirlitinu upplýsingar um tegund og magn selds sprengiefnis, hvellhettna og kveikjuþráðar.

11. gr.

Sala til notenda.

Sprengiefni má aðeins selja þeim, sem fengið hefur leyfi lögreglustjóra til að kaupa það og hafa í sinni vörslu. Óheimilt er að afhenda sprengiefni nema gegn framvísun leyfisins.

Ef kaupandi er lögaðili skal hann tilnefna einn starfsmann sinn sem sérstakan ábyrgðarmann til að hafa umsjón með vörslu efnisins og skal ábyrgðarmaður fullnægja skilyrðum a- liðar 30. gr. Umsókn um leyfi til kaupa á sprengiefni skal fylgja yfirlýsing viðkomandi einstaklings um að hann taki að sér hlutverk ábyrgðarmanns ásamt staðfestingu forráðamanns fyrirtækisins.

Láti ábyrgðarmaður af störfum eða geti hann ekki sinnt starfi sínu lengur, skal þegar í stað tilnefna annan ábyrgðarmann. Að öðrum kosti telst leyfi skv. 1. mgr. fallið úr gildi.

Ábyrgðarmaður skal tryggja að flutningur og geymsla sprengiefnis, sem og birgðaskráning í fyrirtæki hans, sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Sá sem hefur leyfi til kaupa á sprengiefni skal hafa yfir að ráða fullnægjandi geymslu samkvæmt ákvæðum VI. kafla.

Sá sem hefur leyfi til kaupa á sprengiefni öðlast jafnframt rétt til tilflutnings sprengiefnis í samræmi við 9. gr. tilskipunar 93/15/EBE, enda sé magn efnis í hverjum flutningi ekki yfir 50 kg og leyfishafi annist hann sjálfur.

V. KAFLI

Búnaður við framleiðslu, geymslu, sölu eða notkun sprengiefnis.

12. gr.

Búnaður.

Við framleiðslu og notkun sprengiefnis er einungis heimilt að nota vélar, áhöld og annan búnað sem viðurkenndur er af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt nánari reglum er það setur.

Búnaður sem hlotið hefur viðurkenningu til notkunar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins telst viðurkenndur á Íslandi.

VI. KAFLI

Geymsla sprengiefnis.

13. gr.

Flokkun, samþykki og tilkynningarskylda.

Sprengiefnageymslur skiptast í þrjá flokka:

1. flokkur: Færanlegar sprengiefnakistur fyrir minni forða, allt að 50 kg sprengiefnis, 100 hvellhettur og 100 m af sprengiþræði.
2. flokkur: Færanlegar sprengiefnageymslur, t.d. gámar.
3. flokkur: Staðbundnar sprengiefnageymslur, t.d. geymslur heildsala, skipafélaga, hafna eða bæjarfélaga.

Geymslur í 1. og 2. flokki skulu viðurkenndar af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt nánari reglum sem stofnunin setur.

Óheimilt er að koma fyrir færanlegri sprengiefnageymslu án leyfis lögreglustjóra í umdæminu, sem tilkynnir það hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og Vinnueftirliti ríkisins. Í umsókn skal tilgreina áætlað magn sem fyrirhugað er að geyma.

Hönnun og staðsetning geymslna í 3. flokki skal samþykkt af Brunamálastofnun ríkisins.

14. gr.

Almenn ákvæði.

Sprengiefnageymsla skal þannig gerð, innréttuð og staðsett, að ekki skapist sérstök hættu á bruna eða sprengingu og að tryggt sé að sprengiefni komist ekki í hendur óviðkomandi.

Sprengiefni skal ávallt geymt í viðurkenndri sprengiefnageymslu. Laust sprengiefni skal tafarlaust flutt í viðurkennda geymslu, t.d. ef hlé verður á framkvæmdum á vinnusvæði. Sprengiefnakistur skal geyma í sprengiefnageymslu eða innanhúss í rammlega læstu rými sem óviðkomandi hafa ekki aðgang að.

Sprengiefnageymslur skulu ávallt rammlega læstar þegar ekki er verið að ganga um þær.

15. gr.

Umgengnisreglur í og við sprengiefnageymslur.

Reykingar, meðferð opins elds og radiósenda í sprengiefnageymslum og í grennd við þær er bönnuð.

Við geymslu eða aðra meðhöndlun skal sprengiefni vera í upprunalegum umbúðum frá framleiðanda eða búið um það á annan jafntryggan hátt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Önnur vinna en sú sem varðar meðhöndlun og umbúnað sprengiefnis má ekki fara fram í sprengiefnageymslu. Óheimilt er að geyma þar önnur tæki og búnað sem tilheyrir sprengivinnunni, t.d. mælitæki, hnalla og þess háttar.

16. gr.

Merkingar geymslna og aðskilnaður sprengiefna.

Sprengiefnageymslur í flokki 3 skulu rammlega girtar af. Hlið með traustri læsingu skal vera á girðingu. Sama gildir um sprengiefnageymslur í flokki 2 sem settar eru niður á sama stað í 12 mánuði eða lengur, t.d. í tengslum við verklegar framkvæmdir.

Á girðingum og geymslum skulu vera greinilegar merkingar og viðvaranir um hættu af völdum sprengiefna.

Við geymslu sprengiefna skal gæta þess að reglum um aðskilnað sprengiefna sé framfylgt. Einungis má geyma þau efni saman sem eru í sama aðskilnaðarflokki, sbr. 2. mgr. 4. gr.

17. gr.

Öryggisfjarlægðir.

Sprengiefni skal geyma í öruggri fjarlægð frá híbýlum manna og frá stöðum þar sem gera má ráð fyrir að fólk dveljist eða komi saman og frá mannvirkjum, umferðargötum og þjóðvegum. Til viðmiðunar eru þær fjarlægðir sem settar eru fram í viðauka IV.

Um öryggisfjarlægðir milli sprengistaðar og háspennulína og radiósendingubúnaðar gilda ákvæði viðauka IV.

Lögreglustjóri getur í samráði við slökkviliðsstjóra heimilað frávík frá þessum viðmiðunum þegar sérstaklega stendur á.

18. gr.

Birgðabókhalld.

Sá sem hefur með höndum sprengiefni skal, í þar til gerðri rekstrardagbók, halda nákvæmt birgðabókhalld, þar sem fram kemur magn móttekins sprengiefnis, tilflutningur efnis milli geymslna, notað efni og magn sem tiltækt er í hverri sprengiefnageymslu.

Ábyrgðarmaður samkvæmt 2. mgr. 11. gr. skal tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr. Rekstrardagbók skal sýnd lögreglu eða Vinnueftirliti ríkisins þegar þess er óskað.

VII. KAFLI Flutningur á landi.

19. gr.

Tilhögun flutnings.

Auk ákvæða reglugerðarinnar gildir um flutning sprengiefnis á landi reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

Um vörslu sprengiefnis á flutningsmiðstöðvum gilda ákvæði VI. kafla.

Hvellhettur skulu ávallt fluttar í traustum umbúðum til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu.

Ekki er heimilt að flytja sprengiefni með öðrum hættulegum efnum í sama ökutæki eða með annarri vöru ef slíkt eykur hættu á bruna eða sprengingu.

Einungis er heimilt að flytja í sama ökutæki sprengiefni sem fullnægja skilyrðum um aðskilnaðarflokkun samkvæmt viðauka V.

Þá skulu leyfi sem nauðsynleg eru, sbr. 2. og 3. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 21. gr., vera fyrir hendi, auk fyrirmæla lögreglustjóra ef við á, sbr. 23. gr.

20. gr.

Ökutæki.

Ökutæki sem notað er til flutnings á sprengiefnum skal vera í góðu ástandi og fullnægja öllum ákvæðum umferðarlaga og reglna um gerð og búnað ökutækja. Ef flutt er meira en 50 kg af sprengiefni, að umbúðum undanskildum, skal ökutæki vera viðurkennt fyrir slíkan flutning í samræmi við reglugerð um flutning á hættulegum farmi. Eigandi, notandi og ökumaður ökutækis sem flytur sprengiefni eru, hver um sig, ábyrgir fyrir því að ökutækið standist þær kröfur sem gerðar eru.

21. gr.

Flutningsleyfi, takmarkanir o.fl.

Óheimilt er að flytja milli staða innanlands meira en 50 kg sprengiefnis með sama ökutæki nema til komi leyfi lögreglustjóra á áfangastað. Þegar um er að ræða flutning á landi skal lögreglustjóri tilkynna um flutninginn og hafa samráð við lögreglustjóra þeirra umdæma sem flutningurinn fer um, varðandi kröfur eða fyrirmæli sem flutningsaðila eru settar, sbr. 23. gr. Skal slíks getið í leyfisbréfi.

Heimilt er að flytja með ökutæki allt að 50 kg af sprengiefni með Sameinuðu þjóða númer 0081, 0082, 0084, 0241, 0331, 0332 og 0482 samkvæmt flokkun Sameinuðu þjóðanna án þess að uppfylla öll skilyrði reglugerðar um flutning á hættulegum farmi. Við slíkan flutning skal fylgja farmbréf, vottorð sendanda og a. m. k. eitt 2 kg slökkvitæki. Umbúðir skulu vera viðurkenndar og merktar og fara skal eftir samlestunarákvæðum í viðauka V.

Innan athafnasvæðis þar sem önnur umferð fer ekki fram er heimilt að flytja samtímis í ökutæki milli sprengiefnageymslu og sprengistaðar 500 kg af sprengiefni með efnisnúmer 4 og allt að 1000 hvellhettur með efnisnúmer 1. Sprengiefni og hvellhettur skal haldið aðskildu með öryggiskistu eða lokuðu rými þannig að tryggt sé að fjarlægðin á milli þeirra verði aldrei minni en 1 m.

Óheimilt er að flytja sprengiefni með hópbifreiðum og öðrum samgöngutækjum sem samtímis eru notuð til fólksflutninga á landi.

22. gr.

Merking ökutækis.

Ökutæki sem flytur meira en 50 kg af sprengiefni skal merkt að framan og aftan með appelsínugulu hættuskilti 300 x 400 mm að stærð. Á skiltinu skal vera 15 mm breið svört rönd á jaðri. Þar að auki skal merkja ökutæki á báðum hliðum og að aftan með varúðarmerki samkvæmt reglum um flutning hættulegs farms á vegum.

23. gr.

Flutningsleiðir.

Til að draga úr hættu á óhöppum við flutning sprengiefnis geta lögreglustjórar gefið fyrirmæli um flutningsleiðir, flutningstíma, hámarks magn sprengiefnis, lögreglufylgd og önnur þau atriði sem þeir telja nauðsynleg til að tryggja nægjanlegt öryggi við flutninginn.

Sá sem annast flutning sprengiefnis skal gera lögreglustjóra viðvart með hæfilegum fyrirvara ef fyrirhugað er að flytja óvenjumikið magn sprengiefnis eða sprengiefni sem sjaldan er flutt með ökutækjum og sérstök hætta fylgir.

24. gr.

Stjórnandi ökutækis.

Stjórnandi ökutækis sem flytur sprengiefni skal hafa næga þekkingu á eiginleikum efnisins, meðhöndlun þess og þeim ráðstöfunum sem gera skal ef óhapp verður eða eldur kemur upp. Ef flutt er meira en 50 kg af sprengiefni skal ökumaður hafa gilt vottorð um starfsþjálfun samkvæmt reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja hættulegan farm.

25. gr.

Lestun og losun.

Við lestun og losun sprengiefnis skal gætt ýrustu varúðar. Tæki og áhöld sem notuð eru skulu vera þannig gerð að umbúðir vörunnar skemmist ekki og að ekki sé hætta á að varan falli af eða úr tækjunum.

Óheimilt er að taka við sprengiefni til flutnings nema það sé í umbúðum sem þola eðlilegt álag. Hafi umbúðir vörunnar skemmst þannig að hætta sé á að þær þoli ekki flutninginn skal vörunni komið fyrir á öruggum stað og sendanda eða móttakanda gert viðvart.

Skorða skal sprengiefni sem flutt er með ökutæki þannig að það hreyfist ekki við flutning. Sprengiefni skal varið fyrir höggum og núningi og skal því þannig fyrir komið að ekki sé hætta á að umbúðir láti undan.

26. gr.

Flutningur í gámum.

Um flutning sprengiefnis í gámum fer samkvæmt reglugerð um flutning á hættulegum farni.

27. gr.

Flutningur í ökutæki.

Ökutæki sem flytur sprengiefni skal vera undir stöðugu eftirliti meðan á flutningi stendur.

Meðferð opins elds og reykingar eru óheimilar í eða nærri ökutæki sem flytur sprengiefni.

28. gr.

Viðbrögð við óhöppum.

Verði óhapp við flutning sprengiefnis þannig að stöðva verði flutninginn skal óhappið þegar í stað tilkynnt næstu lögreglu- og slökkvistöð. Stafi umferð hætta af óhappinu skal hún stöðvuð.

Nú er ekki unnt að halda flutningi áfram með sama ökutæki og skal þá sprengiefnið fjarlægð af staðnum með ýtrustu varúð og því komið fyrir með öruggum hætti.

VIII. KAFLI

Notkun sprengiefnis.

29. gr.

Réttindi til að annast sprengivinnu - sprengistjóri.

Enginn má fara með sprengiefni og annast sprengivinnu nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra samkvæmt 1. mgr. 27. gr. vopnalaga.

Lögreglustjóri veitir réttindi skv. 1. mgr. og gefur út skírteini til handa leyfishafa því til staðfestingar til 5 ára í senn. Þeim einum má veita slík réttindi sem framvísar vottorði Vinnueftirlits ríkisins um að hann hafi lokið tilskildu námi og staðist próf samkvæmt 30. gr.

Réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu eru tvenns konar:

A-réttindi: Gildir fyrir alla sprengivinnu.

B-réttindi: Gildir fyrir þá sérhæfðu og takmörkuðu notkun sprengiefnis sem tiltekin er í leyfinu, svo sem sprengingar í málmbæðsluofnum, sprengingar í rannsóknaskyni (jarðskorpumælingar) o.fl.

Lögreglustjóri tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins um útgefin sprengiefnaréttindi.

Við endurnýjun réttinda skal umsækjandi leggja fram vottorð Vinnueftirlits ríkisins um hæfi umsækjanda og staðfestingu þess að hann hafi stundað sprengivinnu á síðastliðnum fimm árum. Fullnægi umsækjandi því ekki skal hann gangast undir próf samkvæmt b- og c- liðum 30. gr.

Sprengistjóri skal ávallt bera á sér skírteini við sprengivinnu og skal hann framvísa því þegar lögregla eða starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins óska þess.

30. gr.

Námskeið og próf.

Til að fá vottorð Vinnueftirlits ríkisins um næga kunnáttu til að annast sprengivinnu þarf að fullnægja þessum skilyrðum:

- vera orðinn 20 ára að aldri,
- hafa sótt námskeið sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir og staðist bóklegt próf,
- hafa staðist verklegt próf, sem prófdómari á vegum Vinnueftirlits ríkisins hefur lagt fyrir.

31. gr.

Skyldur og ábyrgð sprengistjóra.

Sprengivinna skal ávallt vera undir stjórn og á ábyrgð sprengistjóra.

Sprengistjóri ber ábyrgð á að sprengivinna sé framkvæmd á öruggan hátt. Hann ber einnig ábyrgð á að meðferð og notkun sprengiefnis og búnaðar, sem notaður er við sprengingar, sé í samræmi við gildandi reglur, svo og að farið sé eftir leiðbeiningum framleiðanda og fyrimælum eftirlitsmanns.

Sprengistjóra er heimilt að fela manni, sem ekki hefur réttindi til að fara með sprengiefni, einstök verkefni við undirbúning sprengingar, enda hafi hann hlotið nauðsynlega

tilsögn. Eftir að hleðsla hefst og þar til skot hefur riðið af og gengið hefur verið úr skugga um að allar hleðslur hafi sprungið, skal sprengistjóri ávallt vera á sprengistað og tryggja að fyllsta öryggis sé gætt.

32. gr.

Meðferð sprengiefnis á sprengistað.

Sprengiefni og hvellhettur sem teknar hafa verið úr geymslu til notkunar skulu ávallt vera undir eftirliti og þannig fyrir komið að óviðkomandi hafi ekki aðgang að.

Sprengiefni og hvellhettur má ekki taka með sér inn í íbúðarhúsnæði, starfsmannarými eða vinnustað sem óviðkomandi er sprengivinnunni.

33. gr.

Rafkveikibúnaður og straumleiðslur.

Einungis skal nota viðurkenndan kveiki- og mælibúnað, sbr. 1. mgr. 3. gr. Við notkun skal þess gætt að allur búnaður henti þeirri gerð og þeim fjölda hvellhettna sem notaðar eru.

Í hverri hleðslu skulu allar hvellhettur vera af sömu gerð (frá sama framleiðanda) og í sama flokki.

Koma skal í veg fyrir að leiðslur verði fyrir togkrafti svo að hætta sé á að þær dragist út úr hvellhettum.

Þegar ætla má að hætta geti verið á ótímabærri sprengingu vegna straummyndunar í leiðslum skulu notaðar hvellhettur sem þurfa aukinn straumstyrk eða kveikibúnaður sem er ekki háður rafstraumi.

Til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu þegar sprengt er nálægt háspennulínunum skal fylgja fjarlægðartakmörkunum í viðauka IV eða nota öryggishvellhettur sem tryggja að ekki verði ótímabær sprenging. Þess skal vandlega gætt að leiðslur og tengingar myndi hvergi samband við jörð og skulu tengingar og vírendar vandlega einangraðir í þessu skyni.

Við sprengivinnu og meðferð sprengiefnis og kveikibúnaðar skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu af völdum radíósenda. Minnsta fjarlægð milli sprengistaðar og sendibúnaðar skal vera samkvæmt viðauka IV, en auk þess skulu gerðar eftirfarandi varúðarráðstafanir:

- Þess skal vandlega gætt að leiðslur og tengingar myndi hvergi leiðandi samband við jörð og skulu tengingar og leiðsluendar vandlega einangraðir í þessu skyni.
- Leiðslunetið skal leggja sem næst lárétt, þ.e. í jafnri hæð, á jörðu eða yfir, og eins nálægt jörðu og kostur er.
- Einungis má nota hvellhettur með upphaflegri og óskertri leiðslulengd. Þó er heimilt að lengja leiðslur ef nauðsyn krefur. Séu leiðslur of langar skal brjóta þær varlega saman og stinga laust niður í borholu.
- Við sprengivinnu nær þjóðvegi eða umferðargötu en 10 m skal ávallt nota tregar hvellhettur í 2. eða 3. flokki.

Skot- og millileiðslur má ekki leggja á vegg sem í eru rafleiðslur. Fjarlægð frá vatnsrörum, þrýstiloftsleiðslum og þvímliku skal vera minnst 1 m. Endar skotleiðslu skulu einangraðir þar til þeir eru tengdir hleðslutæki.

Við sprengivinnu nærri háspennulínunum skal festa skot- og millileiðslur við jörð, svo að ekki sé hætta á að þær kastist yfir háspennulínuna við sprengingu.

Áður en skotleiðsla er tengd hleðslutæki skal mæla viðnám í leiðslunetinu með viðurkenndum viðnámsmæli. Við sprengivinnu þar sem vatn er í borholum eða berggrunnur leiðandi skal einnig mælt hvort leiðslunetið leiði í jörð áður en sprengt er.

Við alla tengivinnu skal þess sérstaklega gætt að óeinangraðir leiðsluendar komist ekki í snertingu við óviðkomandi hluti.

Óheimilt er að hlaða borholur og tengja hleðslur í þrumuveðri eða þegar slíku veðri er spáð.

34. gr.

Kveikibúnaður sem ekki flytur rafstraum.

Við notkun púðurkveikiþráða, sundrunarþráða eða annarra kveikiþráða sem ræsa hvellhettur og ekki eru rafknúnir, skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

35. gr.

Borun.

Borun má einungis framkvæma af sprengistjóra eða aðstoðarmanni undir eftirliti hans. Ef borun og hleðsla fer fram samtímis skal þess gætt að hafa örugga fjarlægð á milli borunar og hleðslu og aldrei minna en 5 metra. Aldrei má bora nær hlaðinni holu en 2 metra.

Áður en sprengivinna hefst skal sprengistjóri gera áætlun um það hvernig staðið skuli að borun og hleðslu. Eftirfarandi upplýsingar skulu að jafnaði koma fram í áætluninni:

- a. Þvermál hola.
- b. Bormynstur, forsetning og holubil.
- c. Dýpt borholu og undirborun miðað við jarðvegshæð eftir sprengingu.
- d. Halli og stefna borhola.
- e. Tegund og númer hvellhettna og fjöldi í hverri holu.
- f. Tilhögun tengingar.
- g. Gerð sprengiefnis og stærð túpa.
- h. Efni í forhlaði og lengd þess.
- i. Sprengiefnanotkun á rúmmetra bergs.
- j. Byrging.
- k. Grenndarkynning.
- l. Hættumat, sbr. 37. og 38. gr.
- m. Mælingar á bylgjuhraða ef við á, sbr. 3. mgr. 37. gr.
- n. Öryggisgæsla og viðvörðunarkerki.

Sprengistjóri skal ávallt hafa sprengiáætlun tiltæka á sprengistað og sýna hana eftirlitsmanni Vinnueftirlits ríkisins eða lögreglu þegar eftir því er leitað.

Sprengistjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. við námavinnslu, enda sé tryggt að hætta geti ekki stafað af sprengivinnunni.

36. gr.

Byrging.

Sprengistjóri skal sjá til þess að skotsvæði sé byrgt með sprengimottum eða öðru efni á fullnægjandi hátt, þannig að grjót kastist ekki frá sprengistað.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sprengt er á víðavangi og fullvíst er, að mati sprengistjóra, að grjótflog geti ekki valdið tjóni.

37. gr.

Umhverfi, tjónvarnir og tjónaeftirlit.

Áður en sprengivinna hefst skal gerð úttekt á því svæði þar sem ætla má að tjón geti orðið vegna framkvæmdanna. Skoða skal byggingar og mannvirki í samráði við eigendur þeirra þannig að hægt verði að fá úr því skorið hvort tjón hafi orðið vegna sprengiframkvæmdanna eða ekki.

Þegar sprengt er nærri mannvirkjum skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir skemmdir, t.d. nota hvellhettur með tímaseinkun. Við það skal miðað að bylguhraði fari ekki yfir þau mörk sem tilgreind eru í viðauka VI.

Ef hætta er talin á að mannvirki geti orðið fyrir skemmdum skal sá er ábyrgð ber á sprengivinnu setja upp titringsmæla af viðurkenndri gerð í eða við þau mannvirki sem í hættu kunna að vera, í samráði við eigendur þeirra.

38. gr.

Öryggisgæsla, viðvaranir og grenndarkynning.

Sprengistjóri skal fyrir skot gera ráðstafanir sem tryggja að enginn dveljist á eða ferðist um það svæði umhverfis sprengistað, þar sem ætla má að hætta skapist. Setja skal upp merkingar sem vara við hættu sé slíkt nauðsynlegt til að koma boðum til óviðkomandi. Skömmu fyrir skot skal gefið hljóðmerki til merkis um að skot sé yfirvofandi.

Þegar ætla má að sprengivinna geti valdið íbúum í nálægri byggð ónæði skal þeim gert viðvart.

39. gr.

Skot.

Skot skal framkvæma strax að lokinni hleðslu, þegar nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar. Aftengja skal skothleðslu frá skothnalli strax að skoti loknu. Sprengistjóri skal ganga úr skugga um að skot hafi tekist vel og að öruggt sé að hefja vinnu á sprengistað að nýju.

Ef ætla má að hluti hleðslna hafi ekki sprungið við skot skal sprengistjóri sjá til þess að allir séu varaðir við, sem í hættu kunna að vera. Ef rafkveikjur eða nonelkveikjur springa ekki skal bíða í 10 mínútur áður en athugun á sprengisvæðinu fer fram. Hafi þúðurþráður verið notaður skal biðtími vera 30 mínútur. Vakta skal sprengisvæðið þar til ósprungnum hleðslum hefur verið eytt.

40. gr.

Óvenjuleg sprengivinna.

Ef um er að ræða óvenjulega sprengivinnu, svo sem sprengingar neðansjávar, sprengiformun málma, sprengingar í málmbraeðsluofnum, sprengingar vegna vísindarannsóknna, snjóflóðavarna, ísstíflulosunar o.s.frv., skal unnið eftir skriflegri verklýsingu þar sem meðal annars komi fram nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna og annarra.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

41. gr.

Refsingar.

Brot á reglum þessum varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum nema þyngri refsing liggi við lögum samkvæmt.

42. gr.

Eignaupptaka.

Gera má upptækt til ríkissjóðs sprengiefni sem flutt hefur verið til landsins eða framleitt hefur verið hér á landi án heimildar. Með sama hætti er heimilt að gera upptækt sprengiefni sem finnst vörslulaust eða í vörslu manns án heimildar samkvæmt lögum eða reglugerð þessari.

Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

43. gr.

Afturköllun leyfa.

Leyfi samkvæmt reglugerð þessari getur leyfisveitandi afturkallað ef eigi teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, ef leyfishafi hefur eigi farið eftir settum fyrirmælum eða ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni eða tæki sem leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi til notkunar og meðferðar á sprengiefni skal lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfishafi á lögheimili taka ákvörðun um leyfissviptingu, án tillits til þess hvar leyfið var upphaflega gefið út.

Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án þess að með mál sé farið samkvæmt reglum stjórnssýslulaga enda sé hætta á tjóni fyrir menn eða muni. Eftir að afturköllun til bráðabirgða hefur farið fram skal leyfisveitandi við endanlega ákvörðun fara eftir reglum stjórnssýslulaga.

44. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998, svo og með hliðsjón af XXIX. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 93/15/EBE), öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sprengiefni, nr. 497 12. ágúst 1996.

Þau ákvæði reglugerðarinnar er varða öryggi starfsmanna á vinnustöðum eru ennfremur sett í samræmi við samþykkt stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 38. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980.

EB gerðin sem vísað er til er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 3, bls. 663-679.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem hafa gild réttindi, sem aflað hefur verið í samræmi við ákvæði 25. og 26. gr. laga um skotvopn, skotelda og sprengiefni nr. 46 13. maí 1977, skulu við endurnýjun réttinda sinna fá útgefin skírteini samkvæmt 29. gr., enda fullnægi þeir skilyrðum greinarinnar.

Að öðru leyti gildir reglugerðin um störf þeirra.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Arnar Þór Jónsson.

VIÐAUKI I

Grunnkröfur um öryggi.

Þær grunnkröfur um öryggi sprengiefnis sem hér greinir eru í samræmi við tilskipun nr. 93/15/EBE. Koma þessar kröfur fram í viðauka I við tilskipunina.

I. Almennar kröfur.

1. Sprengiefni verður að hanna, framleiða og afhenda á þann hátt að lífi og heilsu manna stafi sem minnst hætta af og komist verði hjá tjóni á eignum og umhverfi við eðlilegar, fyrirsjáanlegar aðstæður, einkum að því er varðar öryggisreglur og viðteknar venjur og einnig áður en sprengiefnið er notað.
2. Sprengiefni verður að hafa þá afkastagetu sem framleiðandi tilgreinir til tryggingar hámarksöryggis og áreiðanleika þess.
3. Sprengiefni verður að hanna og framleiða á þann hátt að hægt sé að farga því með viðeigandi tækni þannig að það hafi sem minnst áhrif á umhverfið.

II. Sérstakar kröfur.

1. Allt sprengiefni verður að prófa við raunverulegar aðstæður. Sé það ekki unnt á rannsóknarstofu verður að framkvæma prófanir við þau skilyrði sem sprengiefnið skal notað við. Eftir því sem við á verður að minnsta kosti að taka tillit til nokkurra atriða sem varða eiginleika efnisins o.fl. Þau eru:
 - a. bygging og einkennandi eiginleikar, þar á meðal efnasamsetning, blöndunarstig og, eftir því sem við á, stærð og dreifing kornastærðar,
 - b. eðlis- og efnafræðilegur stöðugleiki sprengiefnisins við öll umhverfisskilyrði sem geta haft áhrif á það,
 - c. næmi fyrir höggum og núningi,
 - d. samrýmanleiki allra íhluta að því er varðar eðlis- og efnafræðilegan stöðugleika,
 - e. efnafræðilegur hreinleiki sprengiefnisins,
 - f. hve vel sprengiefnið þolir vatn ef nota á sprengiefnið í raka eða bleytu og vatn getur dregið úr öryggi og áreiðanleika þess,
 - g. hve vel sprengiefnið þolir lágt og hátt hitastig ef geyma á sprengiefnið eða nota við slík skilyrði og áhrif kælingar og hitunar á einstaka íhluta eða sprengiefnið allt ef slíkar aðstæður geta dregið úr öryggi og áreiðanleika þess,
 - h. hve vel sprengiefnið hentar til notkunar við hættulegar aðstæður (t.d. þar sem hætta er á eldfimum lofttegundum, heitum massa o.s.frv.) ef nota á sprengiefnið við þær aðstæður,
 - i. öryggisráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir ótímabæra ræsingu eða íkveikju af slysi,
 - j. rétt hleðsla og virkni sprengiefnisins þegar það er notað eins og til er ætlast,
 - k. viðeigandi leiðbeiningar á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökuríkisins og, ef þörf krefur, merkingar er varða örugga meðhöndlun, geymslu, notkun og förgun,
 - l. sá eiginleiki sprengiefnisins, umbúða þess eða annarra íhluta að skemmast ekki við geymslu fyrir „síðasta notkunardaginn“ sem framleiðandi tilgreinir,
 - m. skrá yfir allan búnað og fylgihluta sem þörf er á til að sprengiefnið verki á áreiðanlegan og öruggan hátt.

2. Einstakir flokkar sprengiefna verða einnig að standast þessar kröfur:

A. Sprengiefni.


- a. Fyrirhuguð aðferð við ræsingu verður að tryggja að sprengiefnið sundrist eða brenni til fulls svo óbrigðult sé og ekkert beri út af. Sé um svart púður að ræða skal kanna hversu auðveldlega það brennur.

- b. Þegar sprengiefni eru í hulsum verður það að sundrast örugglega og tryggilega í gegnum alla hulsuruna.
 - c. Lofttegundir frá sprengiefnum sem ætluð eru til nota neðanjarðar mega aðeins innihalda kolmónoxíð, köfnunarefnislofttegundir, aðrar lofttegundir, gufur eða leifar fastra efna sem berast um loftið, í því magni að það sé ekki heilsuspillandi við venjulegar notkunaraðstæður.
- B. Sprengi-, öryggis- og kveikiþræðir ásamt forsprenjum.
- a. Efni utan um sprengi-, öryggis- og kveikiþræðina verður að vera nógu sterkt og verja sprengiefnið nægilega við eðlilegt álag.
 - b. Tilgreina skal færíbreytur fyrir brennslutíma öryggisþráða og fylgja þeim nákvæmlega.
 - c. Sprengiþræðina þarf að vera unnt að ræsa tryggilega. Þeir verða að hafa nægilega ræsigtu og standast kröfur um geymsluþol, jafnvel við sérstök loftslagsskilyrði.
- C. Hvellhettur (þar á meðal tímahvellhettur) og tengihlutar.
- a. Hvellhettur verða að ræsa sundrun sprengiefnisins, sem nota á með þeim, tryggilega við öll fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.
 - b. Tengihluta verður að vera hægt að ræsa tryggilega.
 - c. Raki má ekki geta dregið úr ræsigtunni.
 - d. Seinkunartími tímahvellhettna verður að vera nógu jafn til að tryggja að líkur á tímaskörun samliggjandi seinkana séu óverulegar.
 - e. Tilgreina skal rafeiginleika rafmagnshvellhettna á umbúðunum (t.d. straumþröskuld innan öryggismarka, viðnám o.s.frv.).
 - f. Leiðslurnar í rafmagnshvellhettunum verða að vera nógu vel einangraðar og sterkar. Með því er einnig átt við hversu traustar tengingar við hvellhettuna eru, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar þeirra.
- D. Drifefni og eldflaugaeldsneyti.
- a. Þessi efni mega ekki sundrast ef þau eru notuð á fyrirhugaðan hátt.
 - b. Drifefni (t.d. þau sem eru að stofni til nítrósellulósi) verður að verja gegn niðurbroti ef þörf krefur.
 - c. Þegar eldflaugaeldsneyti í föstu formi er samþjappað eða steipt mega ekki vera í því aukarífur eða loftbólur sem hafa hættuleg áhrif á virkni þeirra.

VIÐAUKI II
Samræmismerking.

Samræmismerking sú er hér greinir er samkvæmt IV. viðauka tilskipunar nr. 93/15/ EBE

CE-samræmismerkingin er upphafsstafrinnir CE eins og á myndinni hér fyrir neðan:



Þótt merkingin sé smækkuð eða stækkuð verður að halda sömu hlutföllum og í kvörðuðu myndinni hér að ofan.

VIÐAUKI III
SP merkið fyrir 1. hættuflokk (sprengiefni), varúðarmerki.



Sprengiefni



Hvellhettur

VIÐAUKI IV Öryggisfjarlægðir.

1. Öryggisfjarlægðir fyrir sprengiefnageymslur.

**Hámarks­magn
sprengiefna
í kílóum (kg)**

Fjarlægð í metrum (m) frá sprengiefnageymslu mannvirkis

	Sjúkrahús, skólar, leikvellir, stærri samkomu- staðir og mjög fjölfarnar götur	Íbúðabyggð	Fjölfarnir vegir, hafnarmannvirki o.þ.h	Aðrar byggingar og almennir vegir
100	800	400	180	50
250	800	400	180	55
500	800	400	180	70
1.000	800	400	180	90
2.000	800	400	180	110
3.000	800	400	215	130
4.000	800	400	235	140
5.000	800	420	255	150
6.000	800	460	270	165
7.000	800	500	285	170
8.000	800	540	300	180
9.000	800	570	310	190
10.000	800	600	320	190
15.000	800	740	365	220
20.000	810	810	405	240
25.000	880	880	435	260
30.000	930	930	460	280
40.000	1030	1030	510	300
50.000	1100	1100	550	330
100.000	1400	1400	690	420

2. Öryggisfjarlægðir milli sprengistaða og háspennuleiðara.

Til að forðast ótímabæra sprengingu við not á rafmagnshvellhettum í nágrenni háspennulína og jarðstrengja skal miða við eftirfarandi öryggisfjarlægðir:

Lágmarksfjarlægð að háspennuleiðara í metrum (m)		
Spenna á háspennuleiðara í kílóvöltum (kV)	Flokkur 1, almennar hvellhettur	Flokkur 2 og 3, tregar hvellhettur (VA og HU hvellhettur)
0,4 – 6	20	5
7 – 12	50	5
13 – 24	70	10
25 – 52	100	15
53 – 72,5	200	20
72,6 – 123	200	20
124 – 245	200	20
> 245	200	20

3. Öryggisfjarlægðir milli sprengistaða og sendistöðva.

Til að forðast ótímabæra sprengingu við not á rafmagnshvellhettum í nágrenni útvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasendistöðva skal miða við eftirfarandi öryggisfjarlægðir:

Lágmarksfjarlægð í metrum			
Sendiorka í kílówöttum (kW)	1. flokkur, almennar hvellhettur	2. flokkur, tregar hvellhettur (VA- hvellhettur)	3. flokkur, tregar hvellhettur, (HU- hvellhettur)
0,025	15	-	-
0,05	20	-	-
0,1	25	-	-
1	80	30	-
4	160	60	20
10	250	100	35
40	500	200	70
100	800	300	100
200	1200	450	150
400	1600	600	200
2000	3600	1400	500
Sendimöstur	300	50	40

VIÐAUKI V

Leyfi til flutnings efna í mismunandi aðskilnaðarflokkum.

Sprengiefni eru flokkuð í **aðskilnaðarflokka** en slík flokkun segir til um hvaða efni megí geyma eða flytja saman.

Aðskilnaðarflokkar:

- A. Hreint frumsprengiefni.
- B. Hlutur sem inniheldur frumsprengiefni og hefur færri en 2 kveikingarhindranir.
- C. Sprengiefni þar sem brunaorkan umbreytist í hreyfíkraft að hluta eða hlutur sem inniheldur slíkt sprengiefni. Dæmi: púður í skotfæri, eldsneyti á eldflaugahreyfla.
- D. Sprengiefni til mannvirkjagerðar (flestar algeng sprengiefni sem seld eru hér á landi). Hlutir sem innihalda slík efni án kveikju eða drifefnis. Hlutir sem innihalda frumsprengiefni og tvær eða fleiri kveikingarhindranir. Dæmi: anólf, dínamít. Aðskilja verður þau sprengiefni sem byggð eru upp á klórati frá þeim sem byggð eru upp á nítrati.
- E. Hlutur sem hefur að geyma tregt sprengiefni án kveikju, en með drifefni.
- F. Hlutur sem hefur að geyma tregt sprengiefni með kveikju og með eða án drifefnis.
- G. Eldfim efni (t.a.m. í flugeldum), eldfimir hlutir, sem einnig geta innihaldið sprengiefni.
- H. Hlutur sem inniheldur bæði sprengiefni og hvítan fosfór.
- J. Hlutur sem inniheldur bæði sprengifimt efni og eldfiman vökva eða hlaup.
- K. Hlutur sem inniheldur bæði sprengiefni og eiturefni.
- L. Sprengifimt efni eða hlutur sem inniheldur sprengifimt efni og felur í sér sérstaka hættu sem krefst aðskilnaðar hvors þáttar.
- N. Hlutir sem innihalda sérlega óviðkvæmar hvellhettur.
- S. Efni eða hlutur sem er þannig pakkað og gerð að þau eiga ekki að geta valdið tjóni nema ef þau kynnu að lenda í eldi, sem verður af slysni. Dæmi: kveikjur í flugeldum.

Aðskilnaðarflokkar sprengiefna segja til um hvaða efni megi flytja saman.

	A	B	C	D	E	F	G	H	J	L	N	S
A	👍	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
B	-	👍	-	1)	-	-	-	-	-	-	-	👍
C	-	-	👍	👍	👍	-	👍	-	-	-	2), 3)	👍
D	-	1)	👍	👍	👍	-	👍	-	-	-	2), 3)	👍
E	-	-	👍	👍	👍	-	👍	-	-	-	2), 3)	👍
F	-	-	-	-	-	👍	-	-	-	-	-	👍
G	-	-	👍	👍	👍	-	👍	-	-	-	-	👍
H	-	-	-	-	-	-	-	👍	-	-	-	👍
J	-	-	-	-	-	-	-	-	👍	-	-	👍
L	-	-	-	-	-	-	-	-	-	4)	-	-
N	-	-	2), 3)	2), 3)	2), 3)	-	-	-	-	-	2)	👍
S	-	👍	👍	👍	👍	👍	👍	👍	👍	-	👍	👍

👍 Má flytja og geyma saman.

- 1) Pakka með hlutum úr aðskilnaðarflokki B og efni eða hluti úr aðskilnaðarflokki D má flytja í sama farartæki ef þeir eru í aðskildum hólfum eða hlutum farartækisins og farartækið hafi verið viðurkennt af lögbærum yfirvöldum eða aðilum sem þau viðurkenna þannig að ekki sé hætt á að sprenging í hlutum í aðskilnaðarflokki B geti flust yfir í efni eða hluti í aðskilnaðarflokki D.
- 2) Efni í flokki 1.6, aðskilnaðarflokki N, má einungis flytja með efnum í sama flokki og aðskilnaðarflokki ef fyrir liggur staðfesting á því að það skapi ekki hættu á sprengingu. Ef ekki skal meðhöndla efnið eins og það væri í flokki 1.1.
- 3) Ef flytja á efni í aðskilnaðarflokki N með efnum í aðskilnaðarflokkum C, D eða E skal meðhöndla það samkvæmt eiginleikum efna í aðskilnaðarflokki D.
- 4) Efni í aðskilnaðarflokki L má eingöngu flytja með efnum í sama aðskilnaðarflokki og af sömu tegund.

VIÐAUKI VI

Hámarksbylgjuhraði (V = mm/sek.) fyrir mannvirki.

[V= mm/sek.]

150 Byggingar úr járnbentri steinsteypu þar sem sökkjar standa á hörðum samstæðum bergtegundum.

140

130 Byggingar sem standa á steinsteypum undirstöðum á hörðum samstæðum bergtegundum. Steypt gólf og veggir. Aðeins eitt skot.

120

110 Byggingar eins og lýst er hér að ofan. Við síendurteknar sprengingar.

100

90

80

70 Vanalegar byggingar á hörðu samstæðu bergi (vanalega mesta álag sem leyft er af stjórnvöldum og vátryggingafélögum við síendurtekna sprengingar).

60

50 Vanalegar byggingar á meðalhörðu bergi. Síendurtekna sprengingar í bæjum þar sem fleira en ástand byggingar ræður úrslitum.

40

30 Vanalegar byggingar á mjúku bergi. Síendurtekna sprengingar.

20 Vanalegar byggingar á mjúkum grunni (sandi og leir). Síendurtekna sprengingar

15 Þar sem mannlegir þættir ráða úrslitum - 10 Hz.

10

5 Þar sem mannlegir þættir ráða úrslitum - 25 Hz.

0

Nr. 685

6. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 1. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 6. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Skaftárhreppi frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar tvö svæði:

Landnotkun á hluta svæðis sem ætlað er fyrir opinberar stofnanir (S2) breytist á þann veg að þar verði sorpeyðingarstöð með varmaendurvinnslu. Stærð lóðar er um 625 ferm. Aðkomuvegur verður skilgreindur sem gatnasvæði.

Iðnaðarsvæði við Klausturveg 3-5 verður íbúðabyggð og opið svæði til sérstakra nota.

Úrskurður skipulagsstjóra ríkisins um mat á umhverfisáhrifum sorpförgunar Byggðarsamlagsins Hulu, þar sem fjallað er um sorporkustöð á Kirkjubæjarklaustri, er frá 16. apríl 1998.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.